

Minnisblað

Dagsetning: 17. desember 2021
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2021 – Núpshlíðarháls

Núpshlíðarháls myndaðist við gos á sprungureinum undir Ísaldarjökli. Tvær gígaraðir liggja upp eftir hryggnum með einstökum jarðmyndunum og mikilli litadýrð. Jarðmyndanir á svæðinu eru mjög fjölbreyttar en þar má finna fjölda gíga, móbergsmýndanir, jarðhitaummyndanir og hraun.

Framkvæmd

Núpshlíðarháls var heimsóttur alls tvisvar sinnum yfir sumarið; þann 2. og 9. september 2021. Keyrt var eftir Vigdísarvallavegi og myndir teknar af gróðurskemmdum og utanvegaakstri. Einnig var farið inn hjá Höskuldarvöllum og gengið inn að Hörðuvöllum og Selsvöllum. Þar voru teknar myndir af gróðurskemmdum, utanvegaakstri og skemmdum á jarðminjum. Notast var við spjaldtölvu og dróna til að taka ljósmyndir og kortleggja svæðið. Tveggja metra löng mælistika var höfð á myndunum til viðmiðunar. Allar upplýsingar voru skrásettar á þar til gerð eyðublöð.

Ástandsmat og frumniðurstöður

Búið er að færa myndir úr vöktun í gagnagrunninn FotoWare. Búið er að færa upplýsingar af eyðublöðum inn í gagnagrunn NÍ. Helstu niðurstöður úr vöktun þessa árs eru eftirfarandi:

Vegirnir að Vigdísarvöllum og Höskuldarvöllum eru grófir og erfiðir yfirferðar.


Mikið var um utanvegaakstur á svæðinu þrátt fyrir greinileg bannmerki og lokanir á sumum stöðum (1. mynd). Ummerki voru um nýleg hjólför en meirihluti þeirra eru þó gömul.



1. mynd. Utanvegaakstur fram hjá lokun og bannmerki.

Mosavaxið hraunið á svæðinu er mikið farið að láta á sjá en má það rekja til utanvegaaksturs og sauðfjárbætur sem er talsverð á svæðinu (sjá 2. mynd).

Vel tókst til við að nota dróna til að kortleggja skemmdir á svæðinu þar sem það er stórt og erfitt yfirferðar fyrir fótgangandi.



2. mynd. Þrívíddarlíkan af svæðinu við Selsvelli. Skemmdir á mosabekju hraunsins sjást hér vel.

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Vegna þess hve svæðið er umfangsmikið á enn eftir að ráðast í frumathugun á hluta þess. Nauðsynlegt er að fylgjast með mosabekjunni og umfangi utanvegaaksturs t.d. mætti gera það með því að fljúga dróna yfir sama svæðið árlega eða annað hvert ár.